

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 11.apríl 2018

Efni: Umsögn Félags heyrnarlausra vegna frumvarps til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, þingskjal 551 – 394. mál.

Félag heyrnarlausra fagnar frumvarpi til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. Félagið telur að í frumvarpinu vanti að gert sér ráð fyrir túlkun í atvinnulífi sem er brýn þörf hér landi fyrir þau sem reiða sig á íslenskt táknmál í daglegu lífi. Í 1. mgr. 3. gr. laganna nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls er íslenskt táknmál fyrsta mál þeirra se þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. er íslenskt táknmál jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform ís amskiptum manna á milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvaða tjáningarform þeir nota.

Félag heyrnarlausra lítur svo á að jöfn meðferð á vinnumarkaði þurfi að endurspeglja þá stöðu sem íslensku táknmálið er fengið með lögum nr. 61/2011 og til að tryggja jafna meðferð á vinnumarkaði leggur Félag heyrnarlausra til að gerð verði breyting á 10.gr að atvinnurekandi beri ekki kostnað vegna táknmálstúlkaþjónustu fyrir starfsmenn né fyrir sjálfan sig og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði tryggji þeim sem reiða sig á íslensks táknmál njóti jafnréttis á vinnumarkaði.

Félag heyrnarlausra hefur í samstarfi við Tryggingastofnun ríkisins og endurskoðunarfyrtækið Deloitte tekið saman og kynnt þingheimi þann fjárhagslega ábata sem samfélagið og ríkissjóður verður fyrir með því að tryggja heyrnarlausum aðgengi að vinnustaðatúlkun. Með því aukast skatttekjur hins opinbera margfalt á við þau útgjöld sem tryggð verði í vinnustaðatúlkun. Fylgiskjal vegna útreikninga sendast með þess til staðfestingar. Sjá hjálagt fylgiskjal.

Félagið hefur sent bréf og verkefnalýsingu á félags- og jafnréttismálaráðherra, Ásmund Daða Einarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur. Nálgast með bréfið og verkefnalýsinguna í fylgiskjali.

Virðingarfyllst,
f.h Félags heyrnarlausra

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
formaður

Hjálagt:

Útreikningur vegna atvinnuþátttöku heyrnarlausra.

Bréf til ráðherrana þriggja sem nefnd eru í umsögninni.

Verkefnaýsing

Félags- og jafnréttismálaráðherra
Ásmundur Einar Daðason
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

26.3.2018

Með erindi þessu óskum við eftir að ráðuneytið skoði hvernig má efla þátttöku döff fólks, þ.e. fólks sem reiðir sig á íslenskt táknmál, í atvinnulífinu. Döff fólk hefur takmarkaða möguleika á að fá túlkþjónustu í atvinnulífi og til endur- og símenntunar. Það hefur því litla möguleika á þróun og framgangi í starfi.

Okkar tillaga er að sett verði af stað verkefni til eins árs þar sem atvinnurekendum og 30 döff starfsmönnum standi reglulega til boða endurgjaldslaus táknmálstúlkun vegna viðtala, verkstjórnar, starfsmannafunda o.þ.h. Þá verði einnig veitt túlkun á atvinnutengdum námskeiðum, ráðstefnum tengdum vinnu, í starfsþjálfun o.fl.

Markmið verkefnisins væri að kortleggja þörf fyrir túlkþjónustu í atvinnulífi, skapa leiðir til þess að styrkja atvinnuþátttöku döff fólks, nýta þann mannauð sem býr í döff fólki og auka jöfnuð í atvinnulífi. Slíkt markmið samrýmast vel stefnu ríkistjórnarinnar um jafnrétti í viðtækri merkingu þar sem jafnrétti á vinnumarkaði vegur þungt.

Innan verkefnisins yrði haldin skrá yfir túlkun sem veitt yrði og tekin viðtöl við vinnuveitendur og starfsmenn reglulega á meðan á verkefninu stæði.

Ef miðað er við skipulag í nágrannalöndum okkar væri eðlilegt að til framtíðar væri það verkefni Vinnuáráðs að tryggja rétt táknmálstalandi fólks í atvinnulífi og settar væru reglur/lög um þann rétt. Á grundvelli þeirrar reynslu sem verkefnið færði mætti setja lög um rétt til túlkunar m.a. í atvinnulífi. Gert er ráð fyrir að verkefnið kosti um 30 m. kr.

Samrit:

Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir
Atvinnuvega og nýsköpunarráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

F.h. *Heiðis Dögg Eiríksdóttir*

Virðingarfyllst,

Heiðis Dögg Eiríksdóttir
Formaður
Félags heyrnarlausra

Valgerður Stefánsdóttir

Valgerður Stefánsdóttir
Forstöðumaður
Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og
heyrnarskertra

Falinn fjársjóður

Táknmálstúlkun í atvinnulífi – verkefnislýsing

Heiðís Dögg Eiríksdóttir

Félagi heyrnarlausra

Valgerður Stefánsdóttir

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Táknmálstúlkun í atvinnulífi

Formáli

Frá árinu 1991 hefur verið unnið að því að fá sett lög sem skýra réttindi döff fólks til endurgjaldslausrar túlkajónustu í daglegu lífi en enn hefur ekki tekist að fá þennan rétt lögfestan. Í nágrannlöndum okkar gilda alls staðar lög sem veita táknmálstalandi fólki rétt til túlkajónustu. Með verkefninu sem hér er lýst er ætlunin að skapa grundvöll að lagasetningu um túlkun m.a. í atvinnulífi. Markmið slíkrar lagasetningar væri að skapa leiðir til þess að styrkja atvinnuþátttöku döff fólks, nýta þann mannauð sem býr í döff fólki og auka jöfnuð í atvinnulífi.

Inngangur - forsagan

Árið 1991 sendi Samskiptamiðstöð erindi til Ólafs G. Einarssonar um túlkajónustu við heyrnarlausu Íslendinga. Í erindinu var m.a. fjallað um nauðsyn á lagasetningu um rétt fólks sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta, til túlkajónustu. Menntamálaráðherra skipaði nefnd um túlkajónustu á íslensku táknmáli (ÍTM) en engar framkvæmdir komu í kjölfar skýrslu nefndarinnar. Margar nefndir hafa verið skipaðar síðan til þess að fjalla um málefni fólks sem talar íslenskt táknmál. Sú síðasta var kölluð Framkvæmdanefnd. Hún skilaði skýrslunni „Þjónusta til framtíðar“ árið 2011 þar sem m.a. var talað um túlkun í atvinnulífi. Á grundvelli vinnu framkvæmdanefndarinnar var skipuð önnur nefnd sem vann á árunum 2011-2014 að Framkvæmdaáætlun II; ÞEKKING – VIRÐING – ÞÁTTTAKA Þjónusta við heyrnarlausu, heyrnarskerta og daufblinda einstaklinga 2014-2020. Engar af tillögum framkvæmdanefndar hafa komið til framkvæmda.

Framlag menntamálaráðuneytis til endurgjaldslausrar túlkunar í daglegu lífi

Á þingi þann 12. október 2004 tilkynnti menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, að hún muni veita 10 milljónum króna á ári í þrjú ár til túlkajónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH). Fjárveitingunni væri ætlað að tryggja heyrnarlausum túlkajónustu vegna daglegs lífs svo sem vegna fasteignaviðskipta eða annarra viðskipta, eða samskipta þar sem sérfræðiþjónusta þarf til, túlkajónustu vegna starfsmannafunda og ýmissa annarra þátta sem falla fyrir utan opinbera þjónustu eða samskipti við stjórnvöld eða

dómstóla. Fjárveitingin væri ekki lögbundin heldur framlag umfram skyldu frá ríkinu og hún létti ekki lögbundinni skyldu af stjórnvöldum.

Sjóðurinn sem til varð hefur verið kallaður Þorgerðarsjóður eða félagslegi sjóðurinn en verður hér nefndur Sjóðurinn. Hlutverk hans er að tryggja fólki sem talar ÍTM endurgjaldslausu túlkajónustu í daglegu lífi og auka aðgengi þeirra að íslensku samfélagi. Á þingi árið 2004 sagði ráðherra að með þessu væri búið að tryggja túlkun fyrir heyrnarlausu í daglegu lífi með varanlegum hætti. Ráðuneytið hefði hafið vinnu með lögmanni Félags heyrnarlausra um að gera reglugerð um sjóðinn. Ráðherra óskaði eftir því að Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð fylgdust með útteilingu fjárframlags til endurgjaldslausrar túlkajónustu, skráðu niður hvaða verkefni væru túlkuð og ynnu að undirbúningi að því að móta reglur um veitingu fjár til túlkunar úr sjóðnum. Reglur um þjónustuna átti að þróa á þriggja ára þróunartíma sjóðsins því viðfangefnið er flókið og fjölbreytilegt. Jafnóðum og nýjar pantanir komu til, sem féllu undir daglegt líf, var þeim bætt við vinnuskjal.

Frá árinu 2005 til 2008 héldu Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð reglulega fundi til þess að vinna að mótun reglna um veitingu túlkajónustu vegna daglegs lífs. Ekki var unnið að samningu reglugerðar eða laga fyrir sjóðinn á vegum ráðuneytis. Enginn fulltrúi ráðuneytis tók þátt í undirbúningsvinnunni en send var skýrsla árlega til menntamála-ráðuneytis um útteilingu fjárins. Sérstök skýrsla um sjóðinn var gerð í síðasta sinn árið 2008 en eftir það gerði ráðuneytið fjárveitingu til þjónustunnar að hluta af fjárlögum til Samskiptamiðstöðvar og var skýrsla um sjóðinn sett fram eftir það í ársskýrslu stofnunarinnar. Óskað hefur verið eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneyti skipaði fulltrúa í stjórnarnefnd um úthlutun fjár úr sjóðnum og framtíðarskipulag og reglulega hefur verið óskað eftir því að fá reglur eða lagasetningu um félagslega túlkun og einnig um aðra þjónustu við fólk sem talar íslenskt táknmál en án árangurs.

Enn er fylgt vinnuskjalinu sem mótað var í upphafi og þeim verkefnalista sem safnast hafði árið 2008. Túlkajónusta SHH hefur haldið fjárupphæð til hliðar á hverju ári til endurgjaldslausrar túlkunar og hefur hún lækkað og hækkað í samræmi við niðurskurð á fjárlögum eða aukafjárveitingar í verkefnið. Tímafjöldi sem hægt er að veita á hverju ári hefur því verið breytilegur frá 1800 tímum í 3000 tíma. Ekki er lengur um raunverulegan sjóð að ræða heldur hluta af rekstrarfé SHH þótt í daglegu tali sé ennþá vísað til fjárins sem sjóðs.

Undanfarin ár hefur mennta- og menninarmálaráðuneyti lagt ríka áherslu á að veiting þjónustu fyrir fé úr sjóðnum fari ekki framúr þeirri upphæð sem áætluð er árlega.

Ráðuneytið lítur það alvarlegum augum að stofnunin haldi sig ekki innan samþykkrar áætlunar og úthluti fjármagni til túlkunar í daglegu lífi umframt það sem samþykkt hefur verið. Verkefnið er á ábyrgð stofnunarinnar og henni ber að sjá um að forgangsráða verkefnum þannig að fjármagnið dugi út árið.

Ítrekað er ábyrgð stofnunarinnar að halda sig innan fjárheimilda ársins og ekki er hægt að gera ráð fyrir að hægt sé að sækja viðbótaframlagi þegar stofnunin sjálf ákveður að greiða meira út en samþykkt áætlun ársins gerir ráð fyrir þó gerð hafi verið undantekning að þessu sinni.

Skipan túlkþjónustu í nágrannalöndum okkar

Á Norðurlöndum er sérstöku fé ætlað til túlkþjónustu í atvinnulífi og er markmiðið að stuðla að jafnrétti í atvinnulífi. Lítið er á túlkþjónustu í atvinnulífi sem nauðsynlegan þátt í atvinnuþátttöku táknmálstalandi fólks. Túlkþjónusta sé sjálfsagður og ótakmarkaður réttur atvinnulífsins og starfsmannanna. Í Svíþjóð ber hvert lén ábyrgð á túlkun í þeim tilvikum sem ábyrgð atvinnuveitanda er ekki skýr s.s. eins í ráðningarviðtölum, kynningarviku á vinnustað, vinnu í fagfélagi, upplýsingafundum á vinnustað og þess háttar. Hins vegar ef um er að ræða vinnustaðanámskeið, fundi, ráðstefnur, starfsmannaviðtöl og þess háttar, sem er beinlínis hluti af vinnunni, greiðir atvinnurekandi fyrir túlkþjónustuna. Vinnustaðurinn á í þeim tilvikum rétt á að sækja til „Vinumálastofnunar“ um styrk til þess að standa straum af þeim kostnaði. Þegar vinnustaður ber mikinn túlkakostnað getur hann ráðið táknmástúlk til starfa og fær laun hans greidd frá „Vinumálastofnun“ (sjá t.d. Örebro:

<https://www.regionorebrolan.se/sv/Halsa-och-varld/Om-du-behover-varld/Habilitering/hitta-habilitering/Tolkcentralen/Tolkning-i-arbetslivet/>). Í Noregi fá til dæmis vinnustaðir með 4 táknmálstalandi starfsmenn fjárstuðning sem dugir til þess að greiða laun túlks í einni stöðu. Táknmálstalandi starfsfólk fær sömuleiðis túlk með sér í vinnuferðir til útlanda.

(<https://www.nav.no/no/Bedrift/Hjelpemidler/Tolking+pa+arbeidsplassen.>)

Staðan hér

Á fjárlögum til Samskiptamiðstöðvar árið 2018 er rúnum 30 milljónum eða 3000 tímum ráðstafað í endurgjaldslausu túlkun í daglegu lífi þar með talin túlkun í atvinnulífi og öll dagleg samskipti í einkalífi fólks. Árinu er skipt niður í fjóra hluta og fjárframlagi til þjónustunnar dreift niður á fjögur tímabil.

Fyrir árið 2018 er dreifing fjárins:

jan-mars	8.816.580 kr	870 tímar
apríl-júní	6.384.420 kr	630 tímar
júlí-september	8.816.580 kr	870 tímar
okt-des	6.384.420 kr	630 tímar

Þessir tímar eru ætlaðir fyrir öll viðskipti í einkalífi 220 einstaklinga í eitt ár. Það er því ekki um marga tíma á mann að ræða. Sú túlkun sem nú er veitt í atvinnulífinu er því langt frá því að vera fullnægjandi. Starfsfólk sem talar íslenskt táknmál hefur t.a.m. mun minni möguleika á starfsþróun á vinnustað en heyrandi fólk og framgangi í starfi sömuleiðis enda eru döff einstaklingar ekki í stjórnunarstörfum í íslenskum fyrirtækjum. Ein undantekning frá því er fyrirtækið Döff Ísland ehf. Í byrjun febrúar valdi Startup Tourism 10 viðskiptahugmyndir í ferðaþjónustu til þess að taka þátt í 10 vikna viðskiptahraðli þar sem fyrirtæki fengu faglega undirstöðu til starfa. Viðskiptahugmyndin Deaf Iceland er ein þeirra hugmynda sem valin var til þess að taka þátt í Startup Tourism árið 2017. Hugmyndin Deaf Iceland er nú orðin að fyrirtækinu Döff Ísland ehf sem veitir sérsniðna þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á táknmáli og skapar með því ný tækifæri í ferðaþjónustu. Nú hefur teymið sem stendur að Döff Ísland ehf sótt um táknmálstúlkaþjónustu til þess að sinna sínum viðskiptum og nota í ferðum döff fólks um landið. Gerir fyrirtækið ráð fyrir að þurfa til þess a.m.k. 420 tíma á ári. Auk þess hafa tveir starfsmenn fyrirtækisins óskað eftir túlkaþjónustu í leiðsagnarnámi hjá Endurmenntun HÍ en á haustönninni verða það um 200 tímar sem er of mikið fyrir sjóðinn að bera.

Þá hefur túlkaþjónustu Samskiptamiðstöðvar borist umsókn um meiraprófsnámskeið sem er um 200 tíma. Þeirri úthlutun var hafnað þar sem hún myndi hafa í för með sér að við úthlutun væri ekki gætt jafnræðis með notendum og fjárveiting til túlkunar í daglegu lífi dygði ekki fyrir tímabilið.

Túlkaþjónustu berast aðrar umsóknir um túlkun vegna starfstengdra námskeiða sem starfsmaður hjá ríki eða sveitarfélagi hefur óskað eftir að sækja. Í sumum tilvikum, þegar í ljós kemur að opinberri stofnun beri að greiða fyrir túlkaþjónustu, er ákveðið að táknmálstalandi einstaklingurinn fái ekki leyfi til þess að sækja námskeiðið og mismunun skapast á vinnustað. Á hinn bóginn kemur líka fyrir að bæði opinberir aðilar og einkaaðilar greiði fyrir túlkun vegna starfsþróunar starfsmanna.

Háskólamenntað fólk, sem reiðir sig á ÍTM til samskipta, hefur átt í erfiðleikum með að fá vinnu, sem hæfir menntun sinni, vegna hindrana við samskipti. Réttur fólks til þess að fá túlkun í námi við ríkisskóla er tryggður. Það leiðir til þess að fólk sækir aftur í nám og reynir við annað svið í stað þess að nýttast á vinnumarkaði. Túlkun í námi kostar samfélagið mun meira en ef fólk fengi túlkun í atvinnulífinu og skilaði viðbótar arði til samfélagsins.

Skilgreining verkefnis, helstu markmið og ávinningur

Með verkefninu er stefnt að því að draga úr mismunun í atvinnulífinu og auka arð samfélagsins með því að gera döff fólki kleift að stunda vinnu til jafns á við aðra og nýta þau tækifæri til starfsþróunar og framgangs sem bjóðast.

Erfitt er að segja til um hve mikil þörfin er þar sem þessi þjónusta hefur ekki staðið til boða. Félag heymarlausra og Samskiptamiðstöð áætla að til reynslu megi skoða um 3000 tíma á ári sem eingöngu væru ætlaðir í atvinnutengd verkefni fyrir 30 einstaklinga s.s. námskeið, upplýsingaöflun, starfsumsóknir, starfsmannafundi og starfsmannaviðtöl. Reynsla verður síðan að leiða í ljós raunverulega þörf.

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011 kemur m.a. fram að:

Íslenskt tákn máll er jafnrétt hátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

Í stefnu stjórnvalda fyrir þetta tímabil kemur skýrt fram ásetningur um að draga úr mismunun í atvinnulífi og auka virkni og þátttöku fatlaðra og þeirra sem reiða sig á ÍTM til samskipta. Jafnframt er í stjórnarsáttmálanum bent á þörfina á að skýra í lögum réttinn til tákn málstúlkunar í daglegu lífi.

Helstu markmiðið verkefnisins væru

- að skapa leiðir til þess að styrkja atvinnuþátttöku döff fólks, nýta þann mannauð sem býr í döff fólki og auka jöfnuð í atvinnulífi.
- að skrá og greina þörf fyrir túlkun í atvinnulífi með það fyrir augum að vinna að lagafrumvarpi um túlkun á milli ÍTM og íslensku í atvinnulífi og daglegu lífi.
- að jafna stöðu þeirra sem reiða sig á ÍTM til samskipta og hinna sem reiða sig á íslensku og draga með því móti úr mismunun í atvinnulífi.

Með verkefninu er ætlunin

- að veita túlkun að lágmarki tvisvar sinnum í viku á þeim vinnustöðum sem þátttakendur í verkefninu vinna og meira þegar aðstæður kalla á það
- veita túlkun á atvinnutengdum námskeiðum
- veita fræðslu til atvinnurekenda um ÍTM og stöðu fólks sem reiðir sig á það til samskipta.
- veita kennslu í ÍTM á þeim vinnustöðum sem óska eftir því.

Upphaf verkefnis: maí 2018

Lok verkefnis: maí 2019

Ávinningur:

Ávinningur er verulegur og margvíslegur þegar kemur að réttindum og lífsgæðum fyrir starfsmanninn og að því að uppfylla markmið og stefnu stjórnvalda t.d. um virkni og þátttöku allra í atvinnulífinu. Með túlkajónustu í atvinnulífi má nýta hæfileika, hugvit og atgerfi fólks, sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta til fulls en það er ekki gert í dag. Draga má úr atvinnuleysi sérstaklega meðal menntaðs fólks en oftar er þörf á samskiptum þegar um störf sem krefjast háskólamenntunar er að ræða. Auka má arð samfélagsins af vinnu þessa hóps. Þegar fólk fær ekki vinnu eftir nám vegna þess að túlkajónusta er ekki tryggð er þrautalending að sækja í meira nám þar sem túlkun er tryggð. Þetta kostar samfélagið í stað þess að það fái arð af vinnu fólks. Ein önn í háskólanámi getur kostað, fyrir utan námið sjálft, 6 milljónir króna í túlkajónustu þegar túlkun í atvinnulífinu gæti verið 2-10 tíma á viku og kostað frá 0,3 m kr í 1,5 m kr.

Framkvæmd

1. Atvinnuráðgjafi Félags heyrnarlausra auglýsir eftir 30 félagsmönnum til þess að taka þátt í verkefninu. Haft verður samband við fyrirtækin þar sem fólkið vinnur og fyrirtækjunum verður boðið upp á túlkun 1-2 x í viku fyrir hvern starfsmann í sex vikur til reynslu. Þetta er gert sem kynning á túlkajónustu og til þess að gefa reynslu af því hvernig hún má nýtast. Veitt verður í samráði við starfsmann fræðsla um samskipti við fólk sem talar íslenskt táknmál, boðið verður upp á stutt námskeið í málinu og fólki bent á netlægar bjargar til þess að halda áfram að kynna sér ÍTM.

2. Fyrir einstakling sem er að byrja í vinnu er veitt túlkþjónusta í einn tíma á dag í tvær vikur til þess að til þess að komast inn í starfið, kynnast fyrirtæki og starfsfólki. Gert er ráð fyrir að 4 einstaklingar hefji störf á nýjum stað á árinu.
3. Veitt verður ráðgjöf og hvatning til þess að veita döff fólki tækifæri til að sækja námskeið með túlkþjónustu, ráðstefnur o.þ.h. í sama mæli og aðrir, fyrirtækjunum að kostnaðarlausu. Áætlað að til þess þurfi 300 tíma í eitt ár. Auk þessara 300 tíma er núþegar eftirspurn eftir túlkun á atvinnutengdum námskeiðum sem svarar a.m.k 600 tímum.
4. Fyrirtækjum þar sem þessir 30 einstaklingar vinna verður boðið upp á að panta túlkþjónustu sér að kostnaðarlausu og eftir þörfum og bent á rétt fólks, sem reiðir sig á ÍTM til þess að nota málið sitt.
5. Fyrirtækið Döff Ísland fær 420 túlkaða tíma á ári til þess að sinna rekstri og veita þjónustu.
6. Gerð verður ný kostnaðaráætlun sem byggir á reynslu af verkefninu
7. Samin verður skýrsla sem leggja má til grundvallar lagafrumvarpi um rétt til túlkunar í atvinnulífi og daglegu lífi

Áætlun um túlkun í atvinnulífi

	Fjöldi starfsmanna	Vikur	Tímar á viku	Samtals tímar	Samtals kostnaður
1	30	6	2	360	3.648.240
2	4	2	5	40	405.360
3	30	10		300 +600	9.120.600
4	30	40	1	1200	12.160.800
5	Döff Ísland	42	10	420	4.256.280
Samtals				2920	29.591.280

Aðstandendur og tengiliðir

Heiðdis Dögg Eiríksdóttir formaður Félags heyrnarlausra, heidis@deaf.is, s. 6976783 (sms)

Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, vala@shh.is, s. 5627702.

Í upphafi skal endinn skoða!

Fjárfesting í táknmálstúlkun á vinnustað.

Til að uppfylla þörf vinnustaðatúlkunar allra heyrnarlausra á ári er áætlaður heildarkostnaður um kr. 36.100.000

Að 50 heyrnarlausir séu virkir á vinnumarkaði, með aðgang að vinnustaðatúlkun er snýr að starfsmannafundum, fundum við yfirmann, endurmenntun og annað er kallar á samskipti starfsfólks á vinnustað.

Þetta aðgengi er ekki til staðar fyrir heyrnarlausra og vinnuveitandi treystir sér ekki til að ráða heyrnarlaust fólk með þessa skuldbindingu.

Á Norðurlöndunum hefur atvinnutúlkun verið við lýði í áratugi og gefist gríðarlega vel.

Svo við hjá Félagi heyrnarlausra fengum Tryggingastofnun og Deloitte endurskoðun til að reikna þetta fyrir íslenskt samfélag.....

Niðurstaðan er hreinn ávinningur fyrir ríkissjóð, heyrnarlausra einstaklinginn, heilbrigðiskerfið og menningu lands og þjóðar!

**Samtals sparnaður ríkissjóðs á ári: Kr.
122.907.037**

Félag heyrnarlausra spyr, hvað tefur?

Við útreikning þessara talna var miðast við:

Sparnaður ríkissjóðs miðað við að 50 einstaklingar hverfi af bótum að hluta eða að öllu leiti.

Fullar greiðslur frá TR. 131.109.000.

Staðgreiðsla af fullum gr. (18.604.800)

Skertar greiðslur frá TR. (46.970.400)

Staðgreiðsla skatta skertum gr. TR 18.666.037

Staðgreiðsla af vinnulaunum 320 þ. 38.707.200

(Ath tölur fengnar eftir útreikninga frá Tryggingastofnun ríkisins og Deloitte endurskoðun)